

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1421****2022/EES/63/09**

frá 30. ágúst 2021

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 16 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (1), einkum 1. mgr. 3. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 (2) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) COVID-19-heimsfaraldurinn olli fordæmalausni utanaðkomandi áfalli í Sambandinu og hagkerfi þess sem veldur því að þörf er á ráðstöfunum sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum á borgara og fyrirtæki þar sem unnt er.
- 3) Aðildarríkin og Sambandið hafa gripið til ráðstafana til að veita fyrirtækjum fjárhagsaðstoð, þ.m.t. greiðsluhlé á grundvelli einkaréttarlegra eða opinberra greiðslustöðvanna, til að koma í veg fyrir ónauðsynleg gjaldþrot og atvinnu-  
issi og renna stoðum undir skjóta endurreisn.
- 4) Hinn 28. mars 2020 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út Leiguúvilnanir í tengslum við COVID-19 (breyting á IFRS-staðli 16) sem var samþykkt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1434 (3).
- 5) Hinn 31. mars 2021 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út Leiguúvilnanir í tengslum við COVID-19 eftir 30. júní 2021 (breytingar á IFRS-staðli 16).
- 6) Með breytingunni á IFRS-staðli 16, leigusamningar, er valkvæður, tímabundinn rekstrarstuðningur í tengslum við COVID-19 fyrir leigutaka vegna leigusamninga með greiðsluástoð og greiðslum sem upphaflega voru á gjalddaga á eða fyrir 30. júní 2021 látinn taka til leigusamninga með greiðsluástoð og greiðslum sem upphaflega eru á gjalddaga á eða fyrir 30. júní 2022.
- 7) Í kjölfar samráðs við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að breytingin á IFRS-staðli 16, leigusamningar, uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 9) Alþjóðareikningsskilaráðið ákvað að gildistökudagur breytinga á IFRS-staðli 16 væri 1. apríl 2021. Því ættu ákvæði þessarar reglugerðar að gilda afturvirktil til að tryggja réttarvissu fyrir viðkomandi útgefendur og samræmi við aðra reikningsskilastaðla sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1126/2008.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 305, 31.8.2021, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2022 frá 29. Apríl 2022 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1434 frá 9. október 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 16 (Stjtið. ESB L 331, 12.10.2020, bls. 20).

- 10) Með hliðsjón af því hve aðkallandi þessi rekstrarstuðningur í tengslum við COVID-19 er ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrnefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 16, leigusamningar, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., frá og með 1. apríl 2021 fyrir fjárhagsár sem hefjast 1. janúar 2021 eða síðar.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. ágúst 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

**Leiguúvilnanir í tengslum við COVID-19 eftir 30. júní 2021****Breyting á IFRS-staðli 16****Breyting á IFRS-staðli 16, leigusamningar**

Lið 46B er breytt. Liðum C1C og C20BA-C20BC er bætt við.

## LEIGUTAKI

**Mat***Síðara mat**Breytingar á leigusamningi*

46B Hentuga úrræðið í lið 46A gildir aðeins um leiguúvilnanir sem eiga sér stað sem bein afleiðing af COVID-19-heimsfaraldrinum og aðeins ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a) breyting á leigugreiðslum leiðir til endurskoðaðs endurgjalds vegna leigusamningsins sem er nokkurn veginn það sama eða lægra en endurgjaldið vegna leigusamningsins næst á undan breytingunni,
- b) lækkanir á leigugreiðslum hafa aðeins áhrif á greiðslur sem upphaflega voru á gjalddaga 30. júní 2022 eða fyrir (t.d. myndi leiguúvilnun uppfylla þetta skilyrði ef hún leiddi til lækkunar á leigugreiðslum 30. júní 2022 eða fyrir og hækkunar á leigugreiðslum eftir 30. júní 2022) og
- c) það er engin efnisleg breyting á öðrum skilmálum og skilyrðum leigusamningsins.

—————

**Viðbætur C****Gildistöku dagur og umbreytingarákvæði**

## GILDISTÖKUDAGUR

C1C Með leiguþvilnunum í tengslum við COVID-19 eftir 30. júní 2021, sem gefnar voru út í mars 2021, var lið 46B breytt og liðum C20BA–C20BC bætt við. Leigutaki skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. apríl 2021 eða síðar. Fyrri beiting er heimil, þ.m.t. í reikningsskilum sem ekki hafa verið samþykkt til útgáfu 31. mars 2021.

## UMBREYTING

**Leiguþvilnanir í tengslum við COVID-19 fyrir leigutaka**

C20BA Leigutaki skal beita Leiguþvilnunum í tengslum við COVID-19 eftir 30. júní 2021 (sjá lið C1C) afturvirkir og færa samlegðaráhrif af því að beita þeirri breytingu í upphafi sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárfátta, eftir því sem við á) við upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar leigutakinn beitir breytingunni í fyrsta sinn.

C20BB Leigutaka er ekki skylt að birta upplýsingarnar sem gerð er krafa um í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 á reikningsskilatímabilinu þegar leigutaki beitir Leiguþvilnunum í tengslum við COVID-19 eftir 30. júní 2021 í fyrsta sinn.

C20BC Við beitingu 2. liðar þessa staðals skal leigutaki beita hentuga úrræðinu í lið 46A með samræmdum hætti gagnvart samningum með svipuð einkenni sem uppfylla skilyrði og við svipaðar aðstæður, án tillits til þess hvort samningurinn hafi uppfyllt skilyrði að því er varðar hentuga úrræðið í kjölfar þess að leigutaki beitti Leiguþvilnunum í tengslum við COVID-19 (sjá lið C1A) eða Leiguþvilnunum í tengslum við COVID-19 eftir 30. júní 2021 (sjá lið C1C).